

Mál nr. 42/2015
M
og váttryggingafélagið V v/ ábyrgðarliðar fasteignatrygginga X.

Líkamstjón áhorfanda á knattspyrnuleik 14. september 2014.

Gögn.

1. Málskot móttengið 30. janúar 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 16. febrúar 2015 ásamt afriti bréfs V dags. 23. desember 2014 sem og myndum af handriði.

Málsatvik.

Í málinu liggja fyrir lýsingar af tjónsatburði í málskoti M og svarbréfum V. Af þeim gögnum má ráða að M hafi verið áhorfandi á knattspyrnuleik í áhorfendastúku á Þórsvelli á Akureyri. Stúkan er afgirt með handriði og varð M fyrir líkamstjóni þegar hann féll yfir handriðið, niður á steypa stétt. Hlaut M nokkuð líkamstjón af.

M telur að aðstaða í áhorfendastúku á Þórsvelli uppfylli ekki kröfur byggingareglugerðar nr. 441/1998 um frágang handriða. M bendir á að ekki sé ágreiningur um að handriðið á vellinum sé 82 cm að hæð en bendir á að í gr. 202.15 í byggingarreglugerðinni sé áskilin hæð handriða 100 cm. Það sé því augljóslega brotið gegn ákvæðinu og ekki sé hægt að líta svo á að steypur kantur undir handriðinu sé hluti af því. Einnig telur M að brotið hafi verið gegn gr. 202.13 í byggingarreglugerð þar sem handrið hafi ekki verið klætt sérstakri klæðningu eins og boðið er í umræddri grein.

V vísar til þess að umbúnaður í áhorfendastúku Þórsvallar sé í fullu samræmi við gr. 202.15 í byggingarreglugerð nr. 441/1998 þar sem umrætt handrið sé í 117 cm hæð frá gólfi stúkunnar og nái því 17 cm lengra en áskilin 100 cm hæð ákvæðisins. Einnig vísar V til þess að í gr. 202.13, sem M heldur fram að hafi verið brotið gegn, sé vísað til þess að handrið þurfi að vera klætt sérstakri klæðningu sé það einungis með láréttum rimlum og gefi möguleika á klifri barna. V vísar því á bug að umrætt handrið sé þess eðlis að það hafi þurft að klæða sérstaklega.

Álit.

Gögn málsins geyma myndir af vettvangi og ágreiningur er um hvort handrið við áhorfendastúku sé í samræmi við ákvæði 202.15 og 202.13 í byggingarreglugerð nr. 441/1998. Af umræddum myndum verður ekki annað ráðið en að handrið það sem um er deilt nái 117 cm frá gólfi og verður að líta svo á að steinsteypur kantur á gólfi sé hluti þess. Er það því í fullu samræmi við gr. 202.15 í umræddri byggingareglugerð. Hvað varðar mögulegt brot á gr. 202.13 verður ekki ráðið af gögnum málsins að sérstök klæðning hafi verið nauðsynleg m.v. aðstæður, þess þá heldur að orsakatengsl séu milli þess að hún hafi ekki verið til staðar og slyss M. Ekki liggja því fyrir gögn sem sýna fram á að brotið hafi verið gegn ákvæðum byggingarreglugerðar í áhorfandastúku Þórsvallar og X ber því ekki skaðabótaábyrgð vegna líkamstjóns M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðarlið fasteignatryggingar X.

Reykjavík 10. mars 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.